
Nytjar og vinnsla á Bergstöðum í Þjórsárdal.
Fornleifarannsóknir árið 2022.



Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir

FS909-20062

Reykjavík 2023

Fornleifastofnun Íslands



*Forsíðumyndin er tekin til suðurs yfir uppgraftarsvæðið við upphaf rannsóknarinnar. Myndina tók
Ragnheiður Gló Gylfadóttir*

© Fornleifastofnun Íslands 2023

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fornleif@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer:

202003-0130

Þjóðminjasafnsnúmer:

2022-33

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu: ÁR-753:018.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2021. *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi II. FS831-18231.*

Stutt lýsing rannsóknar:

Rannsókn á járnvinnslu sem og nýtingu auðlinda í Þjórsárdal með áframhaldandi rannsóknnum á Bergsstöðum.

Tegund rannsóknar:

Vísindarannsókn.

Ástand fornleifa við lok rannsóknar:

Tyrft var yfir uppgraftarsvæðið.

Staðsetning:

Afréttur Skeiða- og Flóamanna (Þjórsárdalur), Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Árnessýsla.

GPS hnit:

ISN93: A 461800 N 407695

Rannsóknartími:

04.07.2022 til 08.07.2022.

Leyfishafi:

Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

Fjöldi starfsmanna:

Fimm starfsmenn, fjórir fornleifafræðingar og einn nemi.

Útdráttur

Sumarið 2022 var unnið á tveimur svæðum á Bergstöðum, svæði III og svæði IV. Á svæði III fundust mannvistarlög sem þekja um 150 m² svæði, skammt sunnan við meint járnvinnslusvæði. Hluti jarðlaganna var afhjúpaður og þau ekki grafin upp þar sem umfang þeirra var töluvert meira en gert hafði verið ráð fyrir. Þess í stað var ákveðið að sækja um frekara fjármagn til að rannsaka þetta svæði 2023 og tyrft yfir það. Athugað var með fjórum litlum skurðum hvað væri eftir af mannvistarlögum á meintu járnvinnslusvæði. Mannvistarlög fundust í þremur þeirra, öll eru þau þunn og ljóst að umfangið er ekki mikið. Þetta er að mestu kolasmítaður jarðvegur, kol og þunnt torf.

Svæði IV er austan við svæði III í brekku sem hallar til suðausturs. Gerðar voru 13 könnunarholur í þeim tilgangi að afmarka mannvistarlög á Bergstöðum enn betur. Fljótlega kom í ljós að jarðlög þar voru óblásin, þ.e. ofan við Eldgjá 939 og undir yfirborðslagi. Mannvistarlög fundust í sex könnunarholum, um blandaðan jarðveg var að ræða í öllum tilvikum. Líklega er um tún að ræða og mannvistarlögin eru smit frá minjunum sem eru vestar, uppi á hryggnum. Tvö jarðvegssýni voru tekin úr einni holunni til að athuga hvort frjókorn væru varðveitt á svæðinu og þau send í greiningu. Í sýnunum komu fram sterkar vísbendingar um (korn)rækt og e.t.v. um áveitu.

Minjarnar á Bergstöðum eru brotakenndar vegna uppblásturs en gefa engu að síður vísbendingar um nýtingu staðarins. Bergsstaði mætti flokka sem nytjastað, þ.e. stað sem er nýttur tímabundið og unnið þar að ákveðnum verkum. Umsvif á svæðinu hefjast fljótlega eftir 939, sé tekið mið af gjóskulögum, en sökum jarðvegsrofs er ekki vitað hvenær staðurinn fer úr notkun.

Lykilorð: Þjórsárdalur, Skeiða- og Gnúpsverjahreppur, Bergsstaðir, jarðvegseyðing, menningarlandslag

Abstract

During the 2022 season at Bergsstaðir the work focused on two areas, III and IV. Archaeological deposits covered 150 m² in area III, just south of the presumed iron working area. These deposits were exposed, but not excavated, as the remains were much more extensive than previously thought. It was decided to attempt to apply for further funding to investigate the area in 2023 and the area closed. Four trial trenches were excavated in the presumed iron working area to determine how much archaeology was preserved there. Archaeological deposits were found in three of the trenches, but they are minimal, mostly thin charcoal- and turf deposits.

Area IV was east of excavation area III on a southeast facing slope. There 13 sondages

were dug in an attempt to demarcate the extent of the archaeology at Bergsstaðir. It became clear that area IV was less eroded than other parts of the site with archaeological deposits above the Eldgjá 939 tephra in six of the sondages. In most instances it was aeolian anthrosoils, most likely from archaeology west of this part of the site, on top of the ridge. Analysis of two soil samples indicate that there was cultivation in the area, and possibly irrigation. This suggests the presence of fields.

The archaeology at Bergsstaðir is fragmentary due to erosion, but does nonetheless provide quite a bit of information as to its occupation. Bergsstaðir was a specialist site used seasonally and specific tasks were carried out there. Its earliest occupation dates to shortly after 939, based on tephrochronology, but the extent of the erosion means it is impossible to state how long it was in use.

Keywords: Þjórsárdalur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bergsstaðir, soil erosion, cultural landscape.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	9
2. Fyrri rannsóknir á Bergsstöðum	11
3. Uppgröftur	14
3.1 Aðferðafræði	14
3.2 Svæði III	16
3.3 Svæði IV	21
3.4 Gripir	23
3.5 Jarðvegssýni	26
4. Niðurstöður	27
Heimildir	28
Viðauki I: Einingaskrá	29
Viðauki II: Fundaskrá og sýni	30
Viðauki III: Ljósmyndir	35

1. Inngangur

Bergsstaðir eru hluti af friðlýstu menningarlandslagi Þjórsárdals þar sem einstakar minjar frá landnámi og fram á miðaldir eru enn varðveittar. Segja má að upphaf nútíma fornleifarannsókna hérlandis megi rekja til rannsókna sem fóru fram í dalnum árið 1939 en þá voru sex bæir grafnir upp, Stöng þeirra þekktastur í dag.¹ Fleiri staðir eru í Þjórsárdal þar sem fólk hafðist við utan hinna eiginlegu bæja. Allt eru þetta að öllum líkindum fornir staðir en umfang þeirra er minna en þeirra bæjarstæða sem grafin hafa verið upp. Á þessum stöðum hefur einhvers konar vinnsla líklega átt sér stað og einna best væri að flokka þá sem nytjastaði, en slíkir staðir hafa lítt verið rannsakaðir í Þjórsárdal.² Bergsstaðir falla undir þessa skilgreiningu.

Markmið rannsókna á Bergsstöðum eru margþætt og fjölbreytt:

- Að afla frekari upplýsinga um nýtingu auðlinda í Þjórsárdal, þá vinnslu sem átti sér þar stað sem og menningarlandslag dalsins.
- Varpa ljósi á samspil stærri minjastaða og þeirra sem minni eru auk landnýtingar.
- Meta ástand og varðveislu minja á uppblásnu svæði.

Uppgröftur á Bergsstöðum er af þessum sökum mikilvægt og löngu tímabært innlegg í rannsóknarsögu Þjórsárdals, þar sem eyðing byggðar og þróun húsa var lengi áberandi og aðrir minjastaðir hlutu litla athygli.³

Fornleifarannsóknir á Bergsstöðum hlutu fyrst styrk úr Fornminjasjóði árið 2020 (sjá kafla 2). Við gjóskulagarannsóknir að uppgreftri loknum það ár fundust mannvistarlög skammt norðvestan við uppgraftarsvæðið.⁴ Það kom á óvart en er um leið gott tækifæri til frekari rannsókna á nytjastað sem liggur undir miklum skemmdum vegna umhverfisaðstæðna, en allar líkur eru á fornleifarnar munu hverfa á næstu árum sökum uppblásturs og vatnsrofs. Rannsóknin hlaut áframhaldandi styrk úr Fornminjasjóði 2022 og er það annar áfangi rannsóknarinnar. Til að leita svara við markmiðum rannsóknarinnar var ætlunin að fullgrafa járnvinnslusvæði (svæði III árið 2020) auk svæðisins suðvestan við það, þar sem mannvistarlögin fundust 2020 (sjá mynd 3). Jafnframt var ætlunin að fullgrafa svæði II, sunnan við uppgraftarsvæðið frá 2020. Þar var mikið af viðarkolaösku á yfirborði sem og grunnar holur fullar af kolum. Að auki fundust þar litlar stoðarholur við stuðlaberg sem þar liggur á yfirborði.⁵


1 Stenberger, Mártn. 1943.

2 Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2019, 181.

3 Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Orri Vésteinsson. 2021, 10-11

4 Gjóskulagafræðingur staðfesti að mannvist og torf eru enn varðveitt undir sverði suðvestan við meint járnvinnslusvæði, torfið virðist um 20-30 cm þykkt.

5 Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Garðar Guðmundsson. 2019, 20-21; Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2021, 157-158, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Orri Vésteinsson. 2021, 13, 19-22.



Mynd 1: Staðsetning Bergsstaða er sýnd með rauðum punkti á minna kortinu. Á loftmyndinni er afmörkun minjasvæðisins sýnd með svartri punktalínu. © Fornleifastofnun Íslands og Landmælingar Íslands


Uppgröfturinn fór fram dagana 4. - 8. júlí 2022. Á vettvangi unnu fornleifafræðingarnir Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Orri Vésteinsson, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson auk Brynju Árnadóttur, fornleifafræðinema. Kristjana Vilhjálmsdóttir sá um gripagreiningar og Egill Erlendsson um frjókornarannsóknir. Auk Fornleifastofnunar Íslands komu Minjastofnun Íslands og Háskóli Íslands að rannsókninni og eru þeim færðar þakkir fyrir ómetanlegt framlag til rannsóknarinnar. Landvirkjun styrkti rannsóknina að auki með aðkomu styrksins *Margar bendur vinna létt verk*. Vinnuhópur á vegum Landvirkjunar tyrfði yfir svæðið að uppgreftri loknum.

Skýrslan samanstendur af fjórum köflum. Í öðrum kafla verður fjallað um fyrri rannsóknir á Bergsstöðum og í þriðja kafla verður fjallað um uppgroftinn sjálfan. Í fjórða kafla verða niðurstöðurnar dregnar saman og í viðhengjum aftast í skýrslunni má finna gripa- og jarðlagaskrár, auk ljósmyndaskrár.

2. Fyrri rannsóknir á Bergstöðum

Minjarnar á Bergstöðum eru fremst á lágum hrygg, milli tveggja nafnlausra lækja. Hryggurinn liggur til suðurs frá lágum klettastapa, austan undir ás sem gengur undir nafninu Rauðukambar.

Minjasvæðið er 110 x 30 m á stærð og með stefnu norður-suður (sjá mynd 2). Við aðalskráningu árið 2018 voru fimm fornleifar skráðar á Bergstöðum.⁶ Fremst (syðst) var grjótdreif 1, líklega úr byggingu. Um 30 m norðar var öskuhaugur 2 og nokkrir gripir fundust á yfirborði þegar minjastaðurinn var skráður m.a. hringja, þórshamar og heinbrýni. Öskuhaugur 3 var á milli grjótdreifar 1 og öskuhaugs 2, vestan í hryggnum og hluti hans þegar fallinn niður í lækjargil. Í brekkunni mátti sjá eldsprungna steina og ösku. Rúmum 30 norðar var gjalldreif 4 þar sem fannst m.a. gjall úr járnvinnsluofnum og ljóst að járngerð var á svæðinu. Fast norðar voru ógreinileg ummerki um vörslugarð 5, stórir steinar voru í óljósri röð til ASA á milli lækjanna og afmörkuðu líklega minjasvæðið á hryggnum.



Mynd 2: Yfirlitsmynd af Bergstöðum með uppmældum minjum frá árinu 2018. © Fornleifastofnun Íslands

Minjarnar á Bergstöðum eru brotakenndar vegna uppblásturs og vatnsrofs en gefa engu að síður vísbendingar um nýtingu staðarins. Árið 2020 fór fyrsti áfangi rannsókna fram og var markmiðið þá að grafa upp tvo öskuhauga sem fundust við fornleifaskráningu árið 2018. Samhliða uppgreftri var gengið skipulega umhverfis minjasvæðið og lækjarfarvegina í þeim tilgangi að finna fleiri minjar og gripi sem og afmarka minjasvæðið enn betur. Jafnframt voru teknir borkjarnar til að meta og áætla umfang annarra mannvistarlaga á svæðinu, utan við öskuhaugana.

Rannsóknarsvæðinu var skipt upp í þrjá hluta 2020: svæði I er á miðjum hryggnum, svæði II er sunnarlega á hryggnum og svæði III er skammt norðan við hrygginn (sjá mynd 3). Svæði I var rannsakað að fullu árið 2020. Á hryggnum miðjum og þaðan til norðurs voru öskuhaugur, þrjár soðholur/seyðar auk einnar tómrar gryfju. Öskuhaugurinn var uppi á hryggnum, en við uppgröftinn kom í ljós að varðveisla hans var afar slæm. Örpunnt lag, um 2,5 m í þvermál, með brenndum beinum og ösku lá beint ofan á gjósku úr Eldgjá 939 en önnur jarðlög voru fokin burt. Þórshamar og hringja fundust í og við öskuhauginn árið 2018 og koparbjalla fannst þar ennfremur að öllum líkindum árið 2016. Tóm gryfja fannst uppi á hryggnum skammt sunnan við öskuhauginn. Hún var 1,4 x 1 m að stærð og 20-30 cm djúp. Ekkert var í henni annað en gjóska úr Heklu 1104 en viðarkol voru blönduð í jarðveginn sem gryfjan var grafin í. Ekki er ljóst hver tilgangur hennar var. Þrjár soðholur/seyðir fundust í vesturhlíðum hryggjarins, allir um 1 x 1 m að stærð og 20 cm djúpir. Í þeim öllum voru eldsprungnir steinar og kol. Í þeirri nyrstu fannst lag af óbrenndum svartfuglsbeinum, aðallega hryggjarliðir auk vængjabeina. Þau bein sem hægt var að greina til tegundar voru langflest úr lunda.⁷ Í annarri holu, skammt sunnar, fannst tangi úr hníf auk tveggja tálgaðra viðarpinna. Í syðstu holunni voru eldsprungnir steinar og kol, en að auki fundust nokkrar stórgripatennur efst í henni.


Svæði II er syðst á hryggnum. Þar er aðflutt grjótt, m.a. stuðlabergsdrangar, steinar og hellur. Grjótdreifin afmarkar suðurmörk svæðisins en ekki er vitað hvers konar mannvirki hún tilheyrði. Þrjár litlar stoðarholur voru sunnan við einn stuðlabergsdrangann, en engin kol né önnur mannvistarlög undir sverði. Mannvistarlög fundust hins vegar í borkjörnum norðan við grjótdreifina, í þeim voru bæði kol og þunn torflög.⁸ Hluti af yfirborði svæðisins var grafið fram árið 2020. Viðarkolalag þakti yfirborðið, rétt ofan við gjósku úr Eldgjá frá árinu 939. Litlar holur fullar af kolum fundust þar að auki. Líkast til var þetta vinnusvæði undir berum himni og alls ekki útilokað að fleiri stoðarholur, holur, seyðir eða kolagrafir sé þar að finna.

Bergsstaðir teljast nytjastaður, þ.e. staður sem er nýttur tímabundið og unnið þar að ákveðnum verkum. Umsvif á svæðinu hefjast fljótlega eftir 939, sé tekið mið af gjóskulögum, en sökum jarðvegsrofs er ekki vitað hvenær staðurinn fer úr notkun. Þær minjar sem hafa varðveist eru elstu byggðaleifar á staðnum. Hafi einhvern tíma verið minjar frá mörgum byggingarskeiðum á staðnum, er ekki hægt að ráða það af fundum eða mannvistarlögum. Þeir gripir sem hægt er að greina gerðfræðilega eru allir frá víkingaöld, 9. - 10/11. öld: Þórshamarsmen úr steini, koparbjalla

7 Cesario, Grace M. 2021; Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Orri Vésteinsson. 2021, 35


8 Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Orri Vésteinsson. 2021, 35

og meint brot úr kúptri nælu, klébergsgripir og brýni úr dökkgráu fingerðu flögubergi. Aðrir gripir eru hversdagslegir og erfitt um vik að aldursgreina þá, finnist þeir ekki í öruggu samhengi.



Mynd 3. Svæðaskipting rannsóknarsvæðisins. Rauðu punktarnir eru á miðlínunni, teknir á 2-5 m fresti. © Fornleifastofnun Íslands

3. Uppgröftur



Mynd 4. Svæðaskipting rannsóknarinnar árið 2022. Rauðu punktarnir sýna hnitakerfi rannsóknarinnar. 0-punkturinn sést enn fremur, syðst á svæði II og er hann grunnur alls er kerfisins. © Fornleifastofnun Íslands

3.1 Aðferðafræði


Uppgröftur og skráning mannvistarlaganna fylgir svokallaðri einingaaðferð (c. single context recording) sem lýst er í uppgráttarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.⁹ Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf eða byggingarhluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð

⁹ Lucas, Gavin. 2003, 11-13.

og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Meðan á uppgrefti stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað sambengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu minjasvæðisins. Oft getur verið flókið að ráða í sambengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins og t.d þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við.

Staðsetning lausfundinna gripa var mæld inn með Trimble geoexplorer 6000 tæki. Eftir að uppgreftri lauk var unnið úr öllum uppgraftargögnum, gripir og mannvistarlög greind auk þess sem frjórnasýni voru rannsökuð.


Áfram var miðað fyrri svæðaskiptingu í rannsókninni sumarið 2022 auk þess sem svæði IV bættist við. Minjarnar dreifast um stórt svæði og sökum þess var ákveðið að strengja miðlínu eftir hryggnum endilöngum árið 2020 og er hún einnig viðmiðunarpunktur árið 2022. Línan var lengd til norðurs og vesturs og með þeim hætti er sambengi á milli uppgraftarsvæðanna (sjá mynd 4). Hnitakerfi var ekki lagt út innan svæðis IV heldur notast við Trimble tæki þar, sjá síðar.



Mynd 5: Mannvistarlög innan svæðis III. ©Fornleifastofnun Íslands


3.2 Svæði III

Á vettvangi var hafist handa við að hreinsa yfirborðslag [001] sem myndað var úr vikri, möl og steinum (sjá mynd 6), og staðsetja prufuholu [046] sem grafin var við gjóskulagagreiningu árið 2020. Undan yfirborðslagi komu umfangsmikil mannvistarlög í ljós en engin ummerki sáust um



Mynd 6: Yfirborðslag [001].

þau á yfirborði. Þau þöktu um 150 m² svæði og það glitti í þunnt öskulag, blandað torfi [054] í útjöðrum svæðisins (sjá mynd 7). Þetta var kolaríkt mannvistarlag með brenndum beinum og eldsprungnum steinum. Yfir laginu var einsleit, ljósbrúnt mannvistarlag [053] sem var sorfið af vatni og vindum (sjá mynd 8). Þar sem öskulagið kemur undan því lagi fundust nokkrir gripir, m.a. eldsprungnir steinar, perla og brot úr járnþotti. Ákveðið var að grafa lög [053] og [054]




Mynd 7: Eldsprungnir steinar eru í öskulagi [054] og jarðlagið er umtalsvert dekkra en mannvistarlag [053] sem er ofar á svæðinu.



Mynd 8: Mannvistarlag [053] var sorfið af vatni og vindum líkt og hér sést.


ekki upp og sækja um frekara fjármagn fyrir uppgreftri á svæðinu árið 2023. Mannvistarlag [054] virðist beint ofan á gjósku úr Eldgjá frá 939 [055] og í samræmi fyrri aldursgreiningar á staðnum.

Prufuhola [046] frá árinu 2020 var í miðju uppgraftarsvæðisins og kom í ljós eftir hreinsun yfirborðsлага [001]. Holan sást ekki á yfirborði þegar rannsóknir hófust sumarið 2022 og sýnir hversu mikil hreyfing er á jarðvegi og að uppblástur er viðvarandi vandamál á svæðinu. Prufuholan var um 0,7 x 0,5 m að stærð og norðursnið hennar sést á mynd 9. Þar sjást að hluta sömu jarðlög og á svæðinu sem var afhjúpað, þ.e. landnámslagið [056] neðst, svo Eldgjá 939 [055] og mannvistarlag [054] beint þar ofan á. Það er ljóst að mannvistarlögin eru að öllum



Mynd 9: Norðursnið prufuholu [046] sýndu jarðlögin sem afhjúpuð voru. Umfang þeirra var meira en búist var við. © Fornleifastofnun Íslands

líkindum ekki mjög þykk en dreifast engu að síður um stórt svæði. Prufuskurður [051] var gerður norðvestarlega innan uppgraftarsvæðisins í þeim tilgangi að afmarka mannvistarlögin en betur. Sem fyrr var staðfest að mannvistarlögin eru þunn, eða um 40 cm alls (sjá myndir 10 og 11).



Mynd 10: Sniðteikning í prufuskurði [051].



Mynd 11: Ljósmynd af sniðinu sem teiknað var í prufuskurði [051].

Nyrst innan uppgraftarsvæðisins er gryfja [044] og fylling [043] þar ofan í (sjá myndir 12 og 13). Miðlína svæðisins fer í gegnum austurhluta gryfjunnar sem er um 1,1 x 1,1 m að stærð og nánast hringlaga. Hún er 0,5 m djúp, og er skorin skáhallt til suðurs þannig að norðurhliðin slúttir yfir botn hennar. Gryfjan sker mannvistarlög [053/054] sem sjást vel í botni og hliðum hennar. Fylling gryfjunnar [043] samanstendur af gjósku frá 1104 í bland við smáa steina úr nánasta umhverfi, líklega að hluta úr lækjunum sem þarna renna neðan við hrygginn. H1104 gjóskan er hreyfð í gryfjunni og upphaflega var talið að fyllingin væri vegna uppblásturs en allt



Mynd 12: Fyllingar [043/048] sjást vel á myndinni.

eins líklegt er að holan hafi verið fyllt upp viljandi að einhverju leyti. Hola [049] er skorin ofan í gryfju [044] og er því yngri. Hún er um 1,1 x 0,6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,3-0,5 m á dýpt en var ekki fullgráfin. Greinilegt er að vatn hefur runnið yfir svæðið og grafið sig niður, mjó rás liggur til suðurs frá holunum af þeim sökum. Fylling [048] rennur saman við

yllingu [043] og engin munur á þeim. Ekki er vitað hvert hlutverk þessara mannvirkja er en holurnar virðast þó vera frá svipuðum tíma.




Mynd 13: Gryfja [044] og hola [049] sjást vel. Vatnsrás liggur til suðurs frá þeim.

Í ljósi þess hversu umfangsmikil mannvistarlög [053] og [054] eru var ákveðið að kanna varðveislu mannvistarlaga skammt norðar, við meint járnvinnslusvæði. Þar mátti víða sjá svartan jarðveg sem er vísbending um kolagerð og aðra starfsemi á svæðinu.



Mynd 14: Kolalag [040] og jarðlög [057] og [062] eru í könnunarskurði [039]. Líkt og hér sést er mannvistin þunn.

Könnunarskurður [G039] (sjá mynd 14) var 2 x 1 m að stærð, 20 cm á dýpt og snéri austur-vestur. Efst var yfirborð [001], svo kolalag [040], undir þeim torf [057] með Eldgjá 939 og þar undir annað kolalag [062]. Kolalag [040] náði út fyrir skurðinn í vesturhluta. Aðeins yfirborðsefni [001] var fjarlægð og ákveðið að fara ekki dýpra í skurðinum til að slíta ekki jarðlagasamhengi og freista þess að ná frekar



Mynd 15: Teikning af [G039] sýbir staðsetningu jarðlaganna ver, þau eru í vesturhlutanum.


að ákvarða umfang mannvistarlags [040] með því að taka fleiri áþekka skurði í grennd.

Könnunarskurður [G042] var 70 cm norðvestan við skurð [G039] (sjá mynd 16). Hann var 2 x 1 m stór, um 20 cm á dýpt og snéri austur-vestur. Yfirborðslag [001] var grafið burtu og komið niður á kolalag sem er blandað torfi [060]. Líklega er um sama lag og [040] að ræða. Aðeins var hreinsað ofan af kolalaginu, en undir er mold með Kötlulögum í og það sést glitta í H3 gjóskuna.

Könnunarskurður [G050] var 1 m norðan við skurð [G042] (sjá mynd 18). Hann var 2 x 1 m að stærð og snéri austur-vestur. Hann var grafinn í því augnamiði að skilgreina nyrðri mörk vinnslusvæðisins. Yfirborðsefni [001] var tekið ofan af og komið niður þunnt moldar-/torflag [058]. Það var ekki grafið burtu, lagið var einungis afhjúpað. Í moldinni er sennilega óhreyfð gjóska, E-939. Í suðausturhorni skurðarins var tekinn minni prufuhola 0,5 x 0,3 m. Þar fannst lag [059]. Það er ljóst og feitt jarðlag sem kol sitja í. Í sniði sést að torf er líklega undir E-939 en þetta þarfnast nánari



Mynd 16: Mannvistarlag [060] sér vel í könnunarskurði [G042]. Mannvistarlögin eru sem fyrr þunn.



Mynd 17: Sniðteikning í prufuskurði [051].



Mynd 18: Minni prufuholan sést vel í könnunarskurði [G050]. Lag [058] séstennfremur vel.

rannsóknna, gjóskan gæti líka verið í torfi. Þetta lag er beint ofan á LNL að öllum líkindum.

Könnunarskurður [G052] er nyrstur, 1 x 1 m að stærð. Lítið af mannvistarlögum eru í skurðinum nema örlítill ræma efst í honum, þar sáust kolablettir. Ef rétt reynist, að garður afmarki svæðið til norðurs, eins og fornleifaskráning benti til¹⁰, eru ummerki um kolavinnslu að mestu norðan hans. En þetta mun eflaust koma betur í ljós verði þetta svæði grafið.

10 Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2021, 157-158.

3.3 Svæði IV

Ákveðið var að gera litlar könnunarholur austan við uppgraftarsvæðið, í halla að eystri læknum í þeim tilgangi að afmarka mannvistarlögin enn betur. Alls voru gerðar 13 könnunarholur en þeim var ekki gefið sérstakt eininganúmer heldur hnitsettar með Trimble tæki í hlaupandi númeraröð (sjá mynd 19). Þær voru flestar um 0,3 x 0,3 m að stærð. Fljótlega kom í ljós að jarðlög þar voru óblásin, þ.e. ofan við Eldgjá 939 og undir yfirborðslagi [001].

Könnunarhola 1: Engin mannvist. Vikurblönduð mold niður á -35 cm. Ljósbrún, þétt og óhreyfð mold þar undir.

Könnunarhola 2: Mannvist. Vikurblönduð mold niður á -16 cm. Þar undir ljósbrún og hreyfð mold með ljósu LNL, hreyfðu niður á -35. Þar undir þétt, óhreyfð mold með svörtu Kötlulagi.

Könnunarhola 3: Engin mannvist. Vikurblönduð mold niður á -14 cm. Þar undir ljósa LNL, mjög gróft og þykkt niður á -22 cm. Þar undir þéttur, óhreyfður jarðvegur með svörtum Kötlulögum.

Könnunarhola 4: Engin mannvist. Vikurblönduð mold niður á -14 cm. Þar undir ljósbrún, þétt og óhreyfð mold með svörtu Kötlulagi.

Könnunarhola 5. Mannvist. Laus vikur niður á -6 cm. Þar undir ljósbrún, hreyfð mold.

Könnunarhola 6. Engin mannvist. Vikur- og malarblandaður sandur/mold, 30 cm samtals.

Könnunarhola 7. Vottur af mannvist. Vikurblönduð mold og sandur niður á -22 cm. Þar undir 7 cm af ljósbrúnni mold með gjósku, lítilla hreyft. Ofan á svörtu lagi- E-939? Þar undir óhreyft samtals -45 cm.

Könnunarhola 8. Mannvist. Vikurblönduð mold niður á -80 cm. Þar undir 6,5 cm þykkt mannvistarlag, ljósbrún, lífrænt og lagskipt. Þar undir óhreyft lag niður á -46 cm.

Könnunarhola 9. Engin mannvist. Vikurblönduð mild niður á -40 cm. Þar undir óhreyfð, ljósbrún mold niður á -48 cm.


Könnunarhola 10. Vottur af mannvist. Vikurblönduð mold niður á -6 cm. Þar undir ljósbrún fokmold, örlítið hreyfð niður á -13 cm. Þar undir dökkbrún mold, óhreyfð niður á -13 cm. Þar undir dökkbrún mold óhreyfð niður á -23 cm, þar er eins og móhella.

Könnunarhola 11. Engin mannvist. Vikurblönduð mold niður á -22 cm. Þar undir þétt, óhreyfð mold niður á -41 cm.

Könnunarhola 12: Vottur af mannvist. Vikurblönduð mold niður á -12 cm. Þar undir 6 cm gráleitt lífrænt lag með kolarák en ekki öðrum ummerkjum um mannvist. Undir því er ljósbrún, óhreyfð mold niður á -26 cm. Þar undir gróf gjóska.

Könnunarhola 13: Engin mannvist. Moldarblandaður vikur niður á -13 cm. Þar undir 4 cm þykkt lag af mjög grófum vikri, ofan á mold blönduð saman við ljósan vikur, líklega H3. Niður á -29 cm.


Mannvistarlög fundust í sex könnunarholum, sjá mynd 19. Um hreyfðan jarðveg var að ræða í öllum tilvikum. Líklega hefur verið tún þarna og mannvistarleifar smit frá mannvist sem er vestar, uppi á hryggnum. Tvö jarðvegssýni voru tekin úr jarðlögum í holu 12 til að athuga hvort frjókorn væru varðveitt á svæðinu og þau send í greiningu til Egils Erlendssonar. Nánar er fjallað um þetta síðar í kaflanum. Lítil sem engin ummerki um kolagerð fundust í brekkunni og virðist sú vinnsla að mestu bundin við nyrsta hluta svæðisins, ofan við hrygginn.



Mynd 19. Svæði IV afmarkaðist við könnunarholur 1-13. Mannvist fannst í sex holum, þær eru merktar með hvítum punkti, á myndinni. ©Fornleifastofnun Íslands


3.4 Gripir

Gripir sem finnast við uppgröft eru mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.¹¹



Mynd 20. Loftmynd sem sýnir dreifingu þeirra gripa sem fundust, flokkaða eftir efni. © Fornleifastofnun Íslands

Við rannsóknina á Bergstöðum 2022 fundust 357 gripir og 105 dýrabein auk þess sem eitt viðarkolasýni var tekið. Gripirnir voru skráðir á alls 99 fundanúmer, allt eru þetta lausafundir utan gjalls og kola sem fundust í jarðlagi [040]. Stærstur hluti gripanna var gjall en einnig fundust gripir úr gleri, járn og steini. Skiptingu funda eftir efnisflokkum má sjá í stöplariti 1.



Stöplarit 1: Skipting gripa eftir efnisflokkun árið 2022.

Gler

Einn gripur fannst úr gleri, lítil blá perla <2022-33-27>. Perlan er af þekktri víkingaaldartegund, gerð E060.¹²



Mynd 21: Perla 2022-33-27.



Mynd 22: Tangi af hníf 2022-33-51.

Járn

Fjórir gripir úr járni fundust við rannsóknina. Einn þeirra <2022-33-51> er tangi, líklega af hníf. Annar <2022-33-28> er að öllum líkindum einnig áhald af einhverju tagi, en nákvæmt hlutverk

gripsins er óþekkt. Þriðji gripurinn er brot <2022-33-77> sem mögulega er úr potti en sá fjórði <2022-33-89> er lítið ógreinanlegt brot eða ryðbóla.



Mynd 23: Áhald 2022-33-28.



